

Fundargerð

214. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, mánudaginn 3. október 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Árshlutareikningur jan - ágúst 2016
2. Rekstraráætlun 2017 - 2020
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:06

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Árshlutareikningur jan - ágúst 2016

Undir þessum lið sat fundinn Magnús Jónsson frá KPMG sem kynnti árshlutareikninginn og svaraði fyrirspurnum ásamt framkvæmdastjóra.

Úr skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra:

Árshlutareikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á tímabilinu sem nam 71,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.975,2 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé nam 600,6 millj. kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall félagsins 30,0%.

Stjórn samþykkir árshlutareikninginn með handauppréttingu og staðfestir hann með undirritun.

2. Rekstraráætlun 2017 - 2020

Undir þessum lið fundarins sat Magnús Jónsson frá KPMG sem kynnti áætlunina ásamt framkvæmdastjóra.

Helstu tölur í þúsundum króna úr framlagðri áætlun

Ár	2017	2018	2019	2020
Rekstrartekjur	394.650	408.463	419.900	430.817
Rekstrargjöld	165.222	172.327	178.673	184.536
Hagnaður tímabils	65.015	71.460	79.539	86.081
Eigið fé	682.008	746.740	824.501	883.729
Fjárfestingar sundurliðað á veitur				
Hitaveita	22.000	42.000	29.500	29.500
Vatnsveita	20.300	12.700	15.000	15.000
Fráveita	51.000	50.200	64.500	64.500

Gert er ráð fyrir 80 milljón króna lántöku árið 2018 en að öðru leiti verða fjárfestingar fjármagnaðar af eigin fé.

Áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða með handauppréttingu með fyrirvara um skiptingu á fjárfestingaliðum á árinu 2017.

3. Önnur mál

- Lagt fram bréf til íbúa og fyrirtækja við Tjarnarbraut vegna framkvæmda við endurnýjun veitna í og við götuna. Fram kom að nauðsynlegt reyndist að skipta út öllum fráveitulögnum í heimæðum vestan við götuna. Hitaveitan mun ganga frá yfirborði í þverunum með viðgerðarefni.
- Fastir fundartímar stjórnar – rætt um að halda sig við hádegistíma að svo stöddu.
- Erindi frá Guðmundi Sveinssyni formanni Atvinnu- og menningarnefndar um mögulega aðkomu HEF ehf. við gerð innviðagreiningu fyrir Fljótsdalshérað. Stjórn er tilbúin að koma að verkefninu sem þátttakandi þó með þeim fyrirvara um að fyrir liggi kostnaðaráætlun um verkefnið.
- Tilboð í mælingar á skólpmagni í fráveitu frá EFLU verkfræðistofu dags. 30. sept 2016. Framkvæmdastjóra falið semja við tilboðsgjafa.

Næsti fundur 12. október.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:37

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.